

35. Myndin af Snorra og Þorsteinn Erlingsson

I

Hin alkunna mynd af Snorra Sturlusyni eftir norska mál-arann og rithöfundinn Christian Krogh virðist mér ekki líkleg til að gefa oss rétta hugmynd um, hvernig Snorri hefir verið í sjón; virðist mér hún líkari því, sem hún gæti verið af Þorsteini ábóta, sem kallaður var böllóttur (hinn hnöttótti, sbr. að móðurfaðir Ólafs digra var nefndur Guðbrandur kúla), og að vísu var maður vel ættaður, og að því er sumir ætla, merkilegur söguhöfundur.

Um standmynd Vigelands er ekki auðvelt að dæma fyrir þann, sem ekki hefir séð hana sjálfa; en hún hefir a. m. k. þann galla, að eitt af allra merkilegustu höfðum, sem verið hefir á nokkrum manni á Norðurlöndum, og þó víðar sé leitað, er þar að nokkru leyti hulið.

Engum væri skyldara en íslenskum listamönnum að reyna til að gera góða mynd af þessum höfuðsnillingi þjóðarinnar, enda ættu þeir að standa þar betur að vígi en útlendir menn, m. a. af því, að hér á landi er fjöldi mikill af niðjum Snorra, og ekki ólíklegt, að einhver þeirra kynni að hafa líkan höfuðvöxt honum, eða hefði haft, þeirra, sem uppi hafa verið um vora daga og góðar ljósmyndir eru til af. Kemur mér þar helst í hug Þorsteinn Erlingsson. Hefi ég á engum manni, hvorki utanlands né innan, séð enni slíkt sem á honum var. Það var nokkuð líkt og á Henrik Ibsen, en þó mun betur vaxið. Og ekki sagði enni það rangt til um, hvað inni fyrir var, því að Þorsteinn var einn hinn ágætasti snillingur. Hygg ég, að ekkert íslenskt skáld, sem uppi hefir verið um mína daga, hafi hans jafningi verið, þó að ýmsir hafi vel ort og sumir ágætlega. Kemur þetta hvergi eins vel fram og í kvæði því, er snillingurinn orti til mín, er ég varð 31 árs. Til að yrkja þannig, meðan málum var ekki lengra komið og heimspeki mín eins skammt á veg komin og þá var, þurfti einmitt hina sjaldgæfustu hæfileika hins mikla skálds. En þannig kvað hann:

Kannske leysumst við öll
bæði um bygðir og fjöll.
Kannske bráðnar vor álaga klaki.
Þú átt skínandi von,
vorsins vígdjarfi son,
þú átt vorsól að snjós kýja baki.

Orðið „vígdjarfur“ táknar þarna þá tegund hugrekkis, sem þarf til að þora að halda þar áfram, sem sleppir hugsunum þeirra, sem oss hafa kennt og undirbúið verkið.

Þegar styttr upp heimsél það, sem nú er, og sól hins sanna vors fer að skína um lönd öll og álfur, þá mun glögglega koma í ljós, hversu ljómandi vel þarna er ort.

Með hinum frægu orðum:

Falli fyrr
fold í ægi
steini studd
en stillis lof,

átti Snorri Sturluson vitanlega fyrst og fremst við það, að svo vel hefði hann ort, að það ætti skilið að vera uppi um allan aldur, eins og hann kemst að orði í Egils sögu. En engu síður má slíkt hið sama segja um ofangreind snilldarorð Þorsteins Erlingssonar.

Ritað á afmælisdag skáldsins 1942.

36. *Feigð, sem þó má forðast*

I

Eitthvert kvöld var í útvarpinu — með ekki alllitlum ýkjum sumsstaðar — sagt frá hinum stórmerkilegu og erfiðu rannsóknum, sem loks leiddu til þess, að meðal fannst við hinni illræmdu sárasótt, er talin hefir verið eitt af mannkynsins mestu meinum. Má þó bæta því við, að sárasóttin — ásamt hinum öðrum tegundum samfaraveikinda — er ennþá ískyggilegri en talið hefir verið. En til að glöggva sig á þessu, verður að styðjast að nokkru við enn önnur vísindi en þau sem koma við þá sögu, sem sögð var.